

/home/fraedi/public_html/lib/valmyndir.php#

VEFNIR

Tímarit félags um átjándu aldar fræði

KVISTUR

Leita

- Leita í textum Félags um 18. aldar fræði Leita í öllu efni á Kvisti

Horft út um gluggann á Klopstock

Höfundur: Heimir Pálsson
Birtist í: Vefni: 2. vefriti 1999

Þygt á erindi sem flutt var 14. febrúar 1998 á málþinginu Erlend áhrif og þýðingar í bókmenntum átjándu aldar]

Þess verður getið, sem gert er,"
sagði Goethe og skrifaði Werther,
það hann ganga út á hlað
það gera það
það gert er oftast en vert er.

(Þorsteinn Valdimarsson)

Þessi margfrægu skáldsögu, Raunum Werthers unga, eftir leyndarráðið Jóhann Wolfgang Goethe segir frá lífi og skemmtilegu þrumuveðri sem gengur yfir meðan stendur á dansleiknum þar sem Werther kynnist Lottu. Eftir selskapsleik sem til er efnt til þess að leiða athygli ungra hispursmeyja frá þrumuveðrinu og draga þau úr ótta þeirra og felur í sér að þátttakendur fá löðrung þegar þeim fipast, segir svo í dagbók Werthers 16. mál:

.. þau kunnugustu drógu sig út úr, þrumuveðrið var liðið hjá, og ég fór með Lottu inn í salinn. Á leiðinni sagði Lotta: þau gleymdu óveðrinu og öllu út af löðrungunum! ég komst ekki til að svara henni. Ég var, hélt hún áfram, þar af þeim sem óttaslegnastar urðu, og þegar ég mannaði mig upp í að telja kjark í hinar, hvarf mér sjálfri allur átti. - Við gengum út að glugganum. Enn heyrðust þrumur úr fjarska, dásamlegt regnið helltist yfir landið með öngum dyn, og hressandi ilm lagði í höfugum lofthitanum móti okkur. Hún studdi olnbogunum á luggakistuna, hún skyggndist út yfir nágrennið, leit til himins og á mig, ég horfði í augu hennar, full af tárur, hún lagði hönd sína yfir mína og sagði - Klopstock! - Mér kom óðar í hug hinn dýrlegi óður, sem hún hafði í huga, og ég gleymdi mér við straum tilfinninga, sem hún hellti yfir mig með þessu lykilorði. Ég yfirbugaðist, laut ég hönd hennar og kyssti hana tárfeðlandi af sælu. Og leit aftur í augu hennar. Öðlingur! Hefðir þú horft í þessi augu og þau ekki séð sólina fyrir þér, þá gæti ég nú aldrei frammar heyrt nafn þitt, svo tíðum vanhelgað, nefnt í mínu eyru." (Þýðing Gísla Ásmundssonar. 1987:32-33.)

Ím textann er fátt að segja, en þó skal tekið fram að síðustu málsgreinarnar hljóða svo á þýsku: "Edler! hättest du deine Vergötterung in diesem Blicke gesehen, und möcht' ich nun deinen so oft entweihten Namen nie wieder nennen hören." Virðist þá ljóst að sá öðlingur sem þarna er ávarpaður er einmitt skáldið sjálf, Klopstock, því Lotta hefur einmitt tekið hann í guða tölu á þessari stundu.

ama ár og Goethe skrifaði skáldsöguna um Werther hafði hann hitt skáldið Friedrich Gottlieb Klopstock, þá mmtugan að aldri og nýbúinn að ljúka stórvirki ævi sinnar, Messíasi, sem síðar vikur svolítið að. Goethe hafði myndar við orð að skáldið liti út eins og diplómat og það skilur maður ágætlega við að skoða myndir af Klopstock. Skýringin kann sumpart að liggja í því að hann hafði verið hirðmaður Danakonungs í næstum tvo ratugi þarna á undan.

Þú getur verið gaman að leika sér meira að ártölum: það var einmitt árið sem þeir hittust, Goethe og Klopstock, sem þrítugur íslenskur prestur, að vísu hempulaus vegna ótímabærra barneigna, stóð fyrstur á erlendrum með ljóðabók með veraldlegum kvæðum eftir sjálfan hann í höndunum. Þetta var Jón Þorláksson og tti eftir að verða þýðandi Klopstocks og fleiri stórmenna.

Friedrich Gottlieb Klopstock fæddist í Quedlinburg í Saxlandi árið 1724 og var því réttum tuttugu árum eldri en Jón Þorláksson. Hann var elsta barn vel stæðra foreldra sem komu honum fyrst í menntaskóla í Quedlinburg en síðan í einn af kunnustu furstaskólunum, Schulpforta. Á árunum 1740-1745 í þeim skóla virðist skáldskaparæð hans hafa opnast, og þar kynntist hann fyrst við klassíkina en síðan við það verk sem mestu varðaði fyrir feril hans, Paradísarmissi Miltons. Af þeim fundi spratt hið tröllaukna kvæði Messías og segir sagan að Klopstock inn ungi hafi á einni nóttu gert áætlun um allt verkið - sem síðan tók þrjátíu ár að framfylgja. Fyrsta misserið eftir Schulpforta nam Klopstock guðfærði í Jena og síðan í Leipzig þar sem hann orti þrjá fyrstu söngva Messíasarkviðu og birtust þeir í Bremer Beiträge árið 1748. Þar með voru örlög ráðin.

Fyrstu söngvar Messíasarkviðu vöktu gífurlega athygli. Menn fóru þegar að skrifa um hinn þýska Milton og anski sendiherrann í París, reyndar af þýskum ættum, J.H.E. Bernstorff, hófst handa. Árið 1750 skrifar hann um Klopstock og segist hafa vonir um að geta boðið honum danskan styrk til að ljúka þessu stórvirki og strax 1. ágúst sama ár berst skáldinu boð um að hann fái 400 ríkisdali á ári ef hann flytjist til Kaupmannahafnar. Þetta er ágætis tilboð og Klopstock virðist hafa þegið það glaður, og flyst til Hafnar í apríl 1751. Þar býr hann síðan og ýtur danska hirðlífsins og mikilla vinsælda auk hækkaðra launa, allt fram til þess að Struense kom til valda og ríkið fimmti var fallinn frá. Árið 1770 forðaði Klopstock sér til Þýskalands en hélt reyndar launum til auðadags og ekkja hans eftirlaunum.

Þetta var í sköndinni Evrópu. Fyrirmyndin mikla að hirðlífinu, Lúðvík fjórtándi, var að vísu fallinn frá en andi hans ríkjandi. Frakkar voru svo hátt skrifaðir að til að mynda þýsk skáld nutu takmarkaðrar virðingar í eimalandi sínu, þar sem Friðrik 2. af Prússlandi leit niður á innfædd skáld og þýska menningu og kallaði til danska póeta. Sama ár og Klopstock fær boð um að gerast danskt hirðskáld kemur Voltaire til Þýskalands að ríkja. Engir voru spámenn í sínu heimalandi þá fremur en oft ella. Það er hins vegar líka athyglisvert að áhugi á þýskumælandi þjóða á enskum bókmenntum um þessar mundir virðist verða til verulegrar endurnýjunar í þýskum bókmenntum. Einn þeirra mektarmanna sem hrifust af fyrstu Messíasarsöngvunum var til að mynda ókmenntapáfinn Johann Jakob Bodmer (1698–1783), prófessor við háskólann í Zürich, maður sem meðal annars hafði gert þýska lausamálsþýðingu af Paradise Lost. Þar fann Klopstock mikilvæga fyrirmynd, en hann ótti líka margt til annarra enskra skálda og enskrar fagurfræði:

Ljóðagerð Klopstocks virðast reyndar ensku áhrifin hafa fundið sér skemmtilega samleið með öðrum áhrifum, þar sem er forrómantísk aðdáun hans á norrænum goðafræðum og skosk-gelískum ossíanisma. Það rann allt saman og féll í ljúfa löð eins og til að mynda kemur fram í fyrsta erindi kvæðis sem upphaflega hét "An meine reunde" en við endurskoðun "Vingolf":

Wie Gna im Fluge, jugendlich ungestüm
 Und stolz, als reichten mir aus Iduna's Gold
 Die Götter, sing' ich meine Freunde
 Euernd in kühnerem Bardenliede."

Þú sérst þú hefur hann ossíanski "bard" og nefnir til sögu Gná og Iðunni með gullin epli sín. Vísast hefur Klopstock

Þrsta kynnst norrænu goðafræðinni í Resensútgáfunni með latínuþýðingu 1665 (sbr. Bödl 1996:362) þótt mest er á norrænum áhuga hans á síðara skeiði, eftir Kaupmannahafnarvistina og þá kemur vitanlega margt fleira í greina. Kvæði hans um valkyrjur og fleiri tignar persónur eru talin ein helsta kveikja þeirrar hrifningaröldu sem síðar gekk yfir og við getum ýmist lofað eða bölvæð eftir því hvaða birtingarform hennar í þýskri menningu við hugleiðum.

Í norrænum bókmenntum var það svo líklega happ að Klopstock skyldi dveljast svo lengi í Kaupmannahöfn, því svo er fullyrt að frá honum hafi Johannes Ewald fengið hug og dug til að gerast einna fyrstur manna tvinnuskáld í Danaveldi, og helga sig köllun sinni óskiptan.

Í hlut Klopstocks í þýskri bókmenntasögu eru menn ekki á einu máli. Stundum er sagt að hann sé dæmi um ess konar skáld sem meira máli skipti að hafa veður af en hafa lesið. Menn eiga með öðrum orðum að vera jöfnróðir en ekki lesnir í Klopstock. Með slíkum palladómum er hann þó fjarri því látinn njóta sannmælis.

Í eð nokkrum rétti virðist reyndar vera hægt að staðhæfa að Klopstock gjaldi stórvirkis síns, Messíasar, þegar öldir eru um hann dómar. Werther minntist á að nafn hans hefði oft verið "vanhelgað" og einmitt með útkomu káldsögu Goethes er stundum sagt að "Messíasarskeiðinu" hafi lokið í þýskri bókmenntasögu og var þá þegar röið alllangt. Hrifningaraldan sem reis með fyrstu söngvunum entist nefnilega ekki öll þau ár sem amhaldsins var beðið eða alla götu frá 1748 til 1773.

Yrirmyndin í Paradísarmissi leyndi sér vissulega ekki en það er samanburðurinn við hann sem verður Messíasarkviðunni erfiðastur. Því söguljóðið sem Milton skapaði verður ekki endurtekið og Klopstock virðist lík ekki hafa ætlað sér það. Messías er ekki epískt verk með næstum holdlegum persónum og skýrum tíma í kilgreindu rúmi, það er miklu fremur tröllaukið ljóð, eða með orðum Billeskov-Jansen "Ljóðrænt kvæði í tittugu söngvum í stað tuttugu ljóðlína." Það verður ekki sagan heldur rómantísk einhyggja sem svífur yfir ötnum Messíasarkviðunnar og í stað skýrra persóna koma táknmyndir. Og enn verður samanburðurinn hagstæðari í íslensku gerðunum af því báðar eru smíðaðar af sama skáldinu, og þá einmitt skáldi sem lét epíkin etur en lýríkin og náði þess vegna bestu fluginu í Messíasi þegar brá fyrir persónulýsingum hetjukvæða og ífnvel ofurlítið æsilegum atburðum.

En það var einmitt í ljóðagerð, óðarsmíð, sem Klopstock reis stundum hæst. Hann var hagsmiður bragar, eins g Snorri hefði getað orðað það, klassískir hættir léku honum á tungu, eins og leynir sér ekki í Messíasi, og hann arð frægur fyrir að smíða sérstakan "skautaljóðahátt", yrkja smákvæði sem í hrynjandi leikur eftir þyt kautanna á ísnum. Eitt allra frægasta smákvæði hans er "Das Rosenband" sem tónskáld hafa spreytt sig á og ljóðar svona í tærum einfaldleik sínum

Ich Frühlingschatten fand ich Sie;
 Ich band ich Sie mit Rosenbändern:
 Ich fühlte es nicht, und schlummerte.

Ich sah sie an; mein Leben hing
 An diesem Blick an Ihrem Leben:
 Ich fühlte es wohl, und wußte es nicht.

Ich lispelte ich Ihr sprachlos zu,
 Und rauschte mit den Rosenbändern:
 Ich wachte Sie vom Schlummer auf.

Ich sah mich an: Ihr Leben hing
 An diesem Blick an meinem Leben,
 Und um uns ward's Elysium.

n Klopstock hafði líka næmi til þess að sjá hvenær átti að láta klassíkina lönd og leið. Og það gerði hann í þeirri ðu sem nú skal rædd.

væðið sem þau Werther og Lotta höfðu hrifust af orti Klopstock ekki í Kaupmannahöfn heldur í Lyngby í ranmörku. Þar átti hann sér athvarf og þangað hafði hann sem oftast leitað innblásturs í náttúrunni vorið 1759. væðið birtist í tímaritinu Der nordische Aufseher sama ár og vakti mikla athygli. Það ber heitið "Die rühlingsfeier", Vorhátíð eða Vorfögnuður og er talið marka spor í þýskri ljóðlist því það sé fyrsta fullburða óðið sem ort er undir algerlega frjálsum formi, rímlaust og með óreglulegum ljóðlínnum. Í fyrstu gerð kvæðisins ar erindaskipting óregluleg, en hér á eftir er fylgt lokagerðinni þar sem skáldið hafði skipað öllu í fjögurra lína rindi.

jóðið er óbundið en býr þó að mjög strangri myndbyggingu eða formgerð. Skáldið hefur gengið út í náttúruna l að gera bæn sína, votta sköpunarverkinu virðingu. Og snilli og yfirvegun skaparans sér hann ekki síst í hinu náa. Þess vegna styðst hann við lýsingu Jesaja: "Sjá, þjóðirnar eru sem dropi í vatnskjólu og metnar sem ryk á ogarskálum. Sjá, eyöldunum lyftir hann upp eins og duftkorni." (Jes. 40:15). Hann tekur um leið að íálfsgöðu undir við frægt enskt skáld, Alexander Pope, um að maðurinn eigi að líta sér nær, "The proper study f mankind is MAN", sagði Pope. Klopstock beinir sjónum frá hæðum að hinni smæstu einingu sköpunarinnar. yrir sjónum hans verður grasmaðkur, undursamlegt dýr – en hugsanlega sálarlaust og þar með ekki eilíft. Þó r aldrei að vita, segir skáldið og hann sem vísar oss um "dimman dal dauðans leiðir", hann mun einnig veita kkur fullvissu þegar og þann veg sem honum þóknast.

íðar er gripið niður í heilagri ritningu með beinum eða óbeinum tilvísunum, til að mynda er eyðandinn sem ikið er að í Vorfögnuði kominn úr annarri Mósebók þar sem boðað er að "Drottinn mun fara yfir landið til þess ð ljósta Egypta. Hann mun sjá blóðið á dyratrénu og báðum dyrastöfunum, og mun þá Drottinn ganga fram hjá yrunum og ekki láta eyðandann koms í hús yðar til að ljósta yður." (2. Mós. 12:23)

orfögnuður hefst með því að lýsa sköpunarverkinu eða sköpunarsögunni í stílfærðri örmynd og fer síðan um yndaflóðið til sáttmálsteiknsins, regnbogans. Það er leiðarvísir til þess að sjá hið stærsta í hinu smæsta en innig til að lofa mátt og veldi þess Jehóva sem birtist í þrumunni og friðarboganum. Með þessu er gripið til ðferðar sem stundum er í bókmenntasögum kennd til rómantískrar einhyggju og er í sjálfu sér miklu kunnari í ýmantík og nýrómantík okkar bókmennta en úr samtíma Klopstocks, þar sem ræturnar að hugsuninni liggja ó.

n tengsla en þó með hliðstæðu í íslenskum bókmenntum nítjándu aldar er hin völduga frjóvgunarlýsing undir kkvæðisins þar sem himinninn léttir á sér og fellir blessunarvökvunina yfir sárþyrsta jörð. Óneitanlega minnir etta þýðandann á fangbragðalýsingar Bjarna Thorarensens í "Vetrinum" þar sem jörðin verður þunguð af iðskiptunum.

Þýðingunni er kostað kapps um nákvæmni, þó svo það verði á kostnað skáldskapar. Við lok tuttugustu aldar ýðir því miður enginn átjándu aldar kvæði á það tungutak sem þá hefði átt við. Afsökun finnur útímamaðurinn þá helst í því að tauta að ekki hefði þetta kvæði fallið vel að fornyrðislagi Jóns Þorlákssonar, ótt lipurt væri.

fm texta Klopstocks er fylgt Klopstocks sämtliche Werke. IV. Leipzig 1854 en borið saman m.a. við útgáfu ünther Deicke og Uwe Berger í Deutsches Gedichtbuch. 1959. Berlin.

því sem segir hér frá Klopstock er einvörðungu farið eftir algengum dönskum og þýskum yfirlitsverkum. Skal ar aðeins sérstaklega nefnd F.J. Billeskov Jansen o.fl. 1972. Verdens litteratur historie. Bind 5. Oplysningstiden 700–1750 af F.J. Billeskov Jansen. Politikens Forlag. Kaupmannahöfn. - Sérstökum áhugamönnum um isindalega bragðfræði skal bent á að í F. J. Billeskov Jansen og Gustav Albeck 1972. Dansk litteratur historie. ind 2:192 (Politikens Forlag) er að finna danska þýðingu á kvæðinu "Der Eislauf", Skautahlaupið, þar sem gerð

r grein fyrir hinni sérkennilegu skautahlaups-hrynjandi! Grein Klaus Bödl sem til er vitnað heitir "Götterdämmerung" Eddufræði í Þýskalandi á 18. og 19. öld og áhrif þeirra á Richard Wagner." Skírnir, 170. árgangur (1. árgangur 1996):357–388. Baldur Hafstað þýddi.